



Leikjanámskeið! Bjarmavelli

Guðrún Borghildur verður með leikjanámskeið á mánudagskvöldum kl. 20:00 á Bjarmavelli. Fyrsta skiptið 10. júní og síðasta 29. júlí. Öll 5-12 ára börn velkomin, ekki er skilyrði að vera félagi í Ungmennafélaginu Bjarma til að taka þátt. Þátttökugjald er 2000 kr. Nánari upplýsingar gefur Birna í síma 8483547.



KORTLAGNING ÁGENGRA PLÖNTUTEGUNDA Í ÞINGEYJARSVEIT

Þingeyjarsveit hefur fengið Náttúrustofu Norðausturlands til að kortleggja útbreiðslu bjarnarklóar, skógar- og spánarkerfils og alaskalúpínu í Þingeyjarsveit. Kortlagning mun fara fram í sumar og sumarið 2020. Í sumar verður lögð áhersla á kortlagningu í Reykjadal, Laxárdal, Aðaldal, Kaldakinn og Útkinn.

Við kortlagningu á lúpínu verður stuðst við útbreiðslukort Náttúrufræðistofnunar Íslands af lúpínu frá 2017 en auk þess verður litið eftir mögulegum nýjum fundarstöðum tegundarinnar. Kortlagning á útbreiðslu kerfils hefur ekki verið gerð á svæðinu og langt frá því að allir fundarstaðir tegundanna séu skráðir. Vitað er um útbreiðslu bjarnarklóar á Laugasvæðinu.

Vinnan tekst því betur sem glöggir vegfarendur, landeigendur, íbúar og annað áhugafólk lætur sig málið varða. Starfsfólk Náttúrustofunnar óskar hér með eftir að þeir sem búa yfir upplýsingum um útbreiðslu tegundanna og vilja láta sig málið varða hafi samband símleiðis (milli kl. 8 og 16 virka daga) eða með tölvupósti. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um fundarstaði bjarnarklóar, kerfils og nýlega fundarstaði lúpínu (stakar plöntur og litlar breiður).

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, stella@nna.is (464 5113) og Sesselja Guðrún Sigurðardóttir, sissa@nna.is (464 5112).

28. - 30. júní 2019
LANDSMÓT UMFÍ 50+

Boccia	Pílukast
Bridds	Pútt
Frjalsþróttir	Pönnukökubakstur
Frisbigolf	Ringó
Golf	Skák
Hestaþróttir	Stígvelakast
Hlaup	Strandblak
Línudans	Sund
Lomber	



Héraðssamband Þingeyinga hvetur Þingeyinga til að taka þátt í Landsmóti UMFÍ 50+ sem verður haldið á Neskaupsstað dagana 28.-30. júní n.k.

Mótið er blanda af keppni og hreyfingu og því að fá fólk á besta aldri til að hafa gaman saman. Þátttakendur þurfa ekki að vera skráðir í eitthvert íþróttafélag, allir geta tekið þátt og á sínum forsendum. Þátttökugjald er 4.900kr.

Skráning á mótið fer fram á síðunni umfi.felog.is en einnig er hægt að hringja í þjónustumiðstöð UMFÍ á skrifstofutíma og skrá sig símleiðis í síma 568-2929.



Píngeyisk sveitarblöð

Þann 7. Júní 2019 verður ný sýning opnuð á jarðhæð Safnahússins.

Á sýningunni verða Píngeyiskum sveitarblöðum gerð skil í máli og myndum.

Sýningin verður opin daglega frá 10-18 fram til 31. ágúst.

Ókeypis aðgangur.

Safnahúsið á Húsavík



23.tbl.
5. júní
2019
26 árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386

**Vantar þig orku, ert þú með verki eða kvíða?
Vilt þú vita um góða leið til að laga þetta?**
Svandís Birksdóttir hjúkunarfræðingur mun fræða þig um snillðar/laesnr á náttúrulegan hátt.

**GAMLA BARNASKÓLANUM - SKÓGUM
7.,8. og 9. júní milli 13 - 17**

Frjálsíþróttæfingar á Laugavelli í sumar

Frjálsíþróttaráð HSP stendur fyrir frjálsíþróttæfingum fyrir **11 ára og eldri** á þriðjudögum og fimmtudögum í sumar. Æfingartímamir eru eftirtarandi:

Þriðjudaga kl. 18:00-19:30

Fimmtudaga kl. 18:00-20:00



Verð kr. 22.500,- fyrir sumarið, afsláttur fyrir systkini
Þjálfarar verða Selmdís Þráinsdóttir og Gunnhildur Hinriksdóttir

Að venju eru allir velkomnir á æfingar á Laugavöllum óháð búsetu eða félagsaðild

Skráning og greiðsla æfingagjalda óskast í gegnum Nórakerfið: hsh.felag.is

Frjálsíþróttaráð HSP

Frekari upplýsingar veitir Gunnhildur Hinriksdóttir, gjaldkeri Frjálsíþróttaráðs á [g.hinriks@gmail.com](mailto:g.hinriks@hsh.is) eða í s. 684-5244



Færslugámar/flökkugámar

Færslugámarnir verða staðsettir á eftirtöldum stöðum í júní:

Kiðagil í Bárðardal – 11. til 18. júní
Laugum – 11. til 18. júní

Gámarnir eru ætlaðir fyrir járn og timbur og verða þeir sjö daga í senn á hverjum stað. Íbúar eru hvattir til að huga að góðri nýtingu á gámunum með því að rúmmálsminna allan úrgang og raða í gámuna eins og kostur er.